

Tilgangurinn með áfallaáætlun **Ísaksskóla** er að skýrt sé hvernig bregðast á við þegar válegir atburðir sem snerta nemendur og/eða starfsfólk skólans verða.

Áfallaáætlun þessi skal nýtt sem gátlisti þegar skipuleggja þarf áfallahjálp.

Athuga ber að taka þarf tillit til aðstæðna hverju sinni þegar viðbrögð eru ákveðin og mikilvægt er að starfsfólk skólans sé vel undir það búíð að takast á við þá erfiðleika sem fylgja hinum ýmsu áföllum. Starfsfólk skal í viðbrögðum sínum taka tillit til hefðar og reynslu varðandi viðbrögð við áföllum.

### **Áfallaráð Ísaksskóla**

Í áfallaráði sitja eftirtaldir aðilar:

Sigríður Anna Guðjónsdóttir skólustjóri, Þóra Elísabet Kjeld verkefnastjóri, Lára Jóhannesdóttir skrifstofustjóri, Lilja M. Jónsdóttir sérkennslustjóri, Matthías E. Sigvaldason húsvörður og skólahjúkrunarfræðingur auk skólasálfræðings. Prestur er áfallaráði innan handar. Skólustjóri eða staðgengill hans er ábyrgur fyrir því að kalla saman áfallaráð og stýra vinnu þess og skipulagi.

### **Hlutverk áfallaráðs**

Í meginatriðum er hlutverk áfallaráðs að gera vinnuáætlun svo bregðast megi fumlaut og ákveðið við, þegar áföll hafa orðið, s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð.

Lykilatriði er að í hverju tilviki sé mótuð skýr og afdráttarlaus vinnuáætlun um hver sinni hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við. Mikilvægt er að huga vandlega að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni. Við skipulag áfallahjálpar og viðbragða, þarf að hafa í huga alla þá einstaklinga sem koma að starfsemi skólans s.s. nemendur, aðstandendur, kennara, stjórnendur og annað starfsfólk.

Áföll sem þessi áætlun nær til eru:

Alvarleg slys (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).

Alvarleg veikindi (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).

Langvinnir sjúkdómar (nemanda, aðstandenda þeirra eða starfsfólks).

Andlát (nemanda, aðstandenda þeirra, starfsfólks eða maka starfsfólks).

Áfallaráð skal funda strax að hausti og athuga hvort breyting hafi orðið á aðstæðum nemenda eða starfsfólks vegna alvarlegra slysa, veikinda, dauðsfalla eða annarra áfalla. Áfallaráð skal ræða þau áföll sem upp hafa komið og taka ákvörðun um hvort eða til hvaða aðgerða skal gripið. Skrifstofa skólans skal halda sérstaklega utan um slíkar upplýsingar.

## **VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁFÖLLUM TENGDUM NEMENDUM**

### **Langvinnir sjúkdómar/alvarleg veikindi nemanda**

#### Fyrstu viðbrögð í skólanum:

Viðkomandi starfsfólki og bekkjarfélögum er greint frá því ef nemandi þarf að vera langdvölum burt frá skóla vegna alvarlegra veikinda. Áfallaráð ákveður hvernig taka skuli á málinu og metur hve mikið vinna skal með viðkomandi bekki. Aðilar úr Áfallaráði ásamt umsjónarkennara ræða við og vinna með nemendum í einstaka bekkjum sem tengjast málinu eftir aðstæðum. Athuga skal hvort heimsóknir til viðkomandi nemanda séu mögulegar og hvernig skuli staðið að þeim.

#### Þegar nemandi kemur aftur í skólann:

Undirbúa þarf bekkjarfélaga undir það hvernig taka skuli á mótí nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann, en það getur auðveldað endurkomuna. Umsjónarkennari ásamt aðila úr Áfallaráði ræða við nemandann áður en hann kemur í skólann.

### **Alvarlegt slys á nemanda**

#### Slys sem verða í skólanum:

Verði alvarlegt slys á nemanda á skólatíma skal hafa samband við forráðamenn og lögreglu sem allra fyrst. Áfallaráð fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við. Aðilar úr áfallaráði ásamt umsjónarkennara ræða við nemendur sem tengjast málinu. Starfsfólki og nemendum er greint frá slysinu. Skólastjórnendur gæta þess að enginn fari heim úr skólanum með rangar eða misvísandi upplýsingar um neinn þátt málsins. Í því sambandi gæti þurft að senda bréf með helstu upplýsingum heim með nemendum. Sýni fjölmiðlar áhuga, er skólastjóri eða staðgengill hans eini tengiliður skólans við þá. Allir aðrir skulu vísa á hann varðandi allar upplýsingar sem gefa á.

#### Slys sem verða utan skólatíma:

Áfallaráð fundar og ákveður hvernig bregðast skuli við. Starfsfólki og bekkjarfélögum er tilkynnt um slysið.

#### Í kjölfar slyss innan eða utan skóla:

Gott upplýsingastreymi til skólans er mikilvægt. Umsjónarkennari heldur nemendum sínum upplýstum. Athuga skal hvort heimsóknir til viðkomandi nemanda séu mögulegar.

#### Þegar nemandi kemur aftur í skólann:

Undirbúa þarf bekkjarfélaga undir það hvernig taka skuli á mótí nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann, en það getur auðveldað endurkomuna. Umsjónarkennari ásamt aðila úr áfallaráði ræða við nemandann áður en hann kemur í skólann.

## **Andlát nemanda**

### Fyrstu viðbrögð í skólanum:

Skólastjóri sér um að afla staðfestra upplýsinga um atburðinn og hefur samband við heimilið. Áfallaráð kallað saman (auk prests) á fund þar sem fólk skiptir með sér verkum og ákveður fyrstu viðbrögð skólans. Umsjónarkennara viðkomandi nemanda tilkynnt um andlátið.

*Allar aðgerðir skólans eru bornar undir viðkomandi foráðamenn til samþykkis þeir hafðir með í ráðum frá upphafi.*

Ef mögulegt er skal þess gætt að náin skyldmenn hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn. Skólastjóri tilkynnir dauðsfallið við fyrsta hentuga tækifæri. Skrifstofustjóri skólans sér um að kalla allt starfsfólkið saman ef nauðsyn krefur. Skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði tilkynnir andlátið strax í viðkomandi bekkjardeild og umsjónarkennari kemur með í stofuna. Stutt er við nemendur í bekknum eins og hægt er með aðstoð hjúkunarfræðings, námsráðgjafa og sálfræðings. Umsjónarkennarar með aðstoð áfallaráðs tilkynna andlátið í öðrum bekkjardeildum skólans..

### Vinna í viðkomandi bekk sama dag:

Æskilegt er að umsjónarkennari verði með sínum bekk það sem eftir er skóladags. Nemendum gefið tækifæri til að ræða um atburðinn. Prestur auk hjúkunarfræðings, skólastjórnenda og/eða skólasálfræðings aðstoða ef þörf er á. Forráðamönnum nemenda tilkynnt um atburðinn. (Forráðamenn beðnir um að sækja börn sín í lok skóladags).

Bréf sent heim með öllum nemendum þar sem greint er frá því sem gerðist og sagt hvernig skólastarfið verði næstu daga. Mikilvægt að skrifstofustjóri skólans athugi hvaða nemendur voru ekki í skólanum þennan dag, svo hægt sé að senda skilaboð til þeirra. Í lok dagsins skal fundað í áfallaráði ásamt umsjónarkennara, þar sem farið er yfir stöðuna og áætlanir gerðar um áframhaldandi vinnu.

### Vinna í viðkomandi bekk næstu daga:

Nemendum greint frá hvað gerist næstu daga þ.e. kistulagning og jarðarför með aðstoð prests ef þörf krefur. Forráðamenn nemenda ákveða hver fyrir sig hvort börn þeirra verði viðstödd jarðarförina/minningarathöfnina. Prestur getur komið inn í bekkinn og sagt frá því hvernig útförin fer fram ef þess er óskað. Kennslustundir næstu daga þarf að brjóta upp, ef spurningar vakna, eða ef fram koma viðbrögð sem sýna sorg, reiði, örvæntingu eða sektarkennd. Nauðsynlegt er að nemendum sé gefinn kostur á því að tjá tilfinningar sínar eða koma með reynslusögur. Mikilvægt er að umsjónarkennari fái sjálfur þann stuðning og hjálp sem hann þarf á að halda. Skólastjórnendur, umsjónarkennari og þeir starfsmenn sem tengst hafa barninu verða við jarðarförina sé það mögulegt. Fulltrúar skólans fara í heimsókn til aðstandenda viðkomandi nemanda með samúðarkveðju næstu daga eftir andlát í samráði við aðstandendur.

## **VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁFÖLLUM TENGDUM AÐSTANDENDUM NEMENDA**

### **Alvarleg veikindi aðstandenda nemanda**

#### Fyrstu viðbrögð í skólanum:

Skólastjórnendur eða umsjónarkennari fá staðfestingu á veikindunum hjá forráðamanni nemandans. Upplýsingum komið til þeirra sem málið varða. Áfallaráð fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu.

### **Alvarleg slys aðstandenda nemanda**

#### Fyrstu viðbrögð í skólanum:

Skólastjórnendur eða umsjónarkennari fá staðfestingu á slysinu hjá forráðamanni nemandans. Upplýsingum komið til þeirra sem málið varðar. Áfallaráð fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli að málinu.

### **Andlát aðstandenda nemanda**

#### Fyrstu viðbrögð í skólanum:

Skólastjóri aflar staðfesta upplýsinga um atburðinn. Áfallaráð kallað saman (auk prests) þar sem ákveðin eru fyrstu viðbrögð skólans. Umsjónarkennara nemandans tilkynnt um andlátíð.

*Allar aðgerðir skólans eru bornar undir forráðamann/aðstandanda og hann hafður með í ráðum frá upphafi.*

Skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði koma upplýsingunum til bekkjasystkina nemandans. Ef mögulegt er skal þess gætt að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn. Starfsfólki skólans er tilkynntur atburðurinn. Umsjónarkennari stjórnar áframhaldandi vinnu í bekknum. Hann getur hvenær sem er leitað aðstoðar aðila úr áfallaráði. Bekkurinn getur útbúið samúðarkveðju sem send er til nemandanum og fjölskyldu hans sem fyrst í samráði við forráðamann/aðstandanda. Aðilar úr áfallaráði aðstoða umsjónarkennara við að undirbúa bekkinn undir það hvernig bekkurinn tekur á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann.

## **ÁFÖLL TENGD STARFSFÓLKI SKÓLANS**

### **Alvarleg veikindi starfsmanns skólans**

Skólastjóri/áfallaráð ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann hvernig tilkynna skuli nemendum veikindin.

### **Alvarleg slys starfsmanns skólans**

Skólastjóri/áfallaráð ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann eða aðstandendur hvernig tilkynna skuli nemendum um slysið.

### **Andlát starfsmanns**

Skólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð. Skólastjóri kallar áfallaráð saman og ákveðin eru fyrstu viðbrögð skólans. Skólastjóri upplýsir

allt starfsfólk skólans um andlátíð. Skrifstofustjóri skólans sér um tilkynningu til þeirra sem fjarri eru. Ef mögulegt er skal þess gætt að nán skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við skólann, fái fregnina sérstaklega. Ef umsjónarkennari fellur frá tilkynnir skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði umsjónarþekk andlátíð. Nemendum skólans er tilkynnt um andlátíð. Áfallaráð ákveður hvernig upplýsingum um andlátíð skuli komið til forráðamanna nemenda. Aðilar úr áfallaráði veita umsjónarþekk stuðning og vinna með þekkinn næstu daga ef þörf krefur. Aðilar úr áfallaráði ræða við nemendur í öðrum þekkjum sé þess óskað. Skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði fer heim til nánustu aðstandenda starfsmanns. Skólinn sendir samúðarkveðju til nánustu aðstandenda.

### **Andlát maka/barns starfsmanns**

Skólastjóri leitar staðfestra upplýsinga um andlátíð. Skólastjóri kallar áfallaráð saman og ákveðin eru fyrstu viðbrögð. Starfsfólk skólans er upplýst um andlátíð. Skrifstofustjóri skólans sér um að tilkynna þeim sem fjarri eru um andlátíð. Ef mögulegt er skal þess gætt að nán skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við skólann, fái fregnina sérstaklega. Ef maki umsjónarkennara fellur frá tilkynnir skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði umsjónarþekk andlátíð. Áfallaráð tekur ákvörðun um hvernig upplýsingum skuli komið til forráðamanna nemenda. Aðilar úr áfallaráði veita umsjónarþekk stuðning og vinna með þekkinn næstu daga ef þess er óskað. Aðilar úr áfallaráði ræða við nemendur í öðrum þekkjum ef þörf krefur. Skólastjóri ásamt aðila úr áfallaráði fer heim til starfsmanns. Skólinn sendir samúðarkveðju til starfsmanns.

Endurskoðuð í mars 2017.

Áfallaráð.